



Tilvísun 1402076/12.4.1

Reglur um stöðuleyfi lausafjármuna í Fjarðabyggð

1. gr. Skylda til stöðuleyfa. Gildissvið og lagastoð.

Lóðarhafar sem eru með góða, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld innan sinna lóða eða ábyrgðamenn lausafjármuna skulu sækja um stöðuleyfi til skipulags- og byggingarfulltrúa ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en two mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

2. gr. Útgáfa stöðuleyfa.

Stöðuleyfi lausafjármuna eru gefin út í samræmi við skipulagsskilmála á iðnaðar- og athafnalóðum í tengslum við atvinnurekstur og í dreifþýli. Á íbúðarhúsalóðum eru ekki gefin út stöðuleyfi nema í sérstökum tilfellum eða þegar um er að ræða tímabundnar framkvæmdir. Stöðuleyfi eru veitt til 12 mánaða í senn.

3. gr. Umsókn

Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af lóðarhafa eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar. Samþykki lóðarhafa skal liggja fyrir í umsókn ef lausafjármunur sem sótt er um leyfi fyrir er ekki í eigu lóðarhafa.

Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis. Með umsókn skulu fylgja uppdrættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjármunanna sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

4. gr. Staðsetning lausafjármuna

Sé lóðarhafa eða ábyrgðarmanni lausafjármunar veitt stöðuleyfi eða ef lausafjármunur er staðsettur utan skipulags svæðis ætlað lausafjármunum til skemmrí tíma (skemur en two mánuði) skal staðsetja hann þannig að almennungi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi húsi. Enn fremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað sbr. 3. og 4. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

5. gr. Fjarlæging lausafjármuna

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að fjarlægja þá lausafjármuni sem getið er í 1. gr. og eru án stöðuleyfis eða uppfylla ekki skilyrði stöðuleyfis. Lóðarhafa eða ábyrgðarmanni skal veittur frestur til að fjarlægja lausafjármuni, þó aldrei lengri frestur en einn mánuð, að öðrum kosti verður það gert á kostnað lóðarhafa eða ábyrgðarmanns lausafjármuna sbr. 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Reglur þessar takmarka ekki gildi annarra reglna sem geta átt við um geymslu lausafjár, t.d. skilmála lóðarsamninga og samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss.



6. gr. Almenn geymslusvæði lausafjármuna

Íbúar og fyrirtæki geta geymt lausafjármuni á geymslusvæðum fyrir lausafjármuni gegn gjaldi. Slík svæði eru staðsett í öllum þéttbýliskjörnum Fjarðabyggðar. Geymslu gjaldið á ómalbikuðum geymslusvæðum er sem nemur 50% af stöðuleyfisgjaldi iðnaðar- og athafnalóða en á malbikuðum svæðum það sama og á iðnaðar- og athafnalóðum.

7. gr. Stöðuleyfisgjald

Stöðuleyfisskildir lausafjármunir bera stöðuleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá byggingarleyfis-, framkvæmdaleyfis- og þjónustugjalda skipulags- og byggingarfulltrúa.

8. gr. Niðurfelling stöðuleyfisgjalfa

Hægt er að fá stöðuleyfisgjöld niðurfelld fyrir allt að þrjá lausafjármuni með gerð portgirðinga eða á þann hátt að geymslusvæði lausafjármuna verði hulið á allar hliðar. Skilyrði niðurfellingar stöðuleyfisgjalda er að geymslusvæði lausafjármuna samræmist skipulagsskilmálum, að kröfur sem getið er í 4. gr. séu uppfylltar og að lóðaruppráttur sem sýnir staðsetningu geymslusvæðis og gerð portgirðinga hafi verið samþykktur af eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar og falla jafnframt eldri reglur úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 4. október 2018


Karl Óttar Pétursson

Bæjarstjóri